

Reykjavík, 3. apríl 2017

Mætt: Björn Valdimarsson, Sigurður Óli Guðmundsson, Viktoría Gísladóttir, Bryndís Sigurðardóttir, Lilja Ósk Björnsdóttir, Elsa María Guðmundsdóttir (Skype) og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir.

Fjarverandi: Hilmar Theodór Björgvinsson.

1. Síðasta fundargerð samþykkt af hálfu dómara nefndar. Borist hafa fregnir um að fundargerð sé ekki samþykkt vegna formgalla. Elsa María, bendir á á gallann og hann er lagaður á staðnum. Ný fundargerð verður send út þegar í stað.
2. ÍM50 er um komandi helgi í Laugardalslaug. Enn vantar 15–20 dómara á skrá á hvern hluta. Tímasetningum á ÍM var breytt eftir að mótið var auglýst. Það er óheppilegt að þetta sé að gerast á síðustu stundu. Þegar þeim er breytt kostar það í einhverjum tilvikum dómara. ÍM á samkvæmt reglugerð að vera fullmannað. Félögin eiga að skila inn tilteknum fjölda starfsmanna til að manna mót eins og þetta. Í dag er staðan þannig að ekki er víst að félögin hafi foreldra innan sinna vébanda til að manna mót eins og ÍM.

Í raun þarf að verða samfélagsvakning um sjálfbóðaliða hér á landi. Sagt frá átaki sem er í gangi hjá US swimming þar sem lögð er áhersla á *heiðurinn* sem fylgir því að vera sjálfbóðaliði á sundmóti. Rætt um að það sem snýr að dómara nefndinni sé að vera ekki sparsöm á dómara námskeið, fjölga þeim. Það verður prófað á komandi sundári.

3. Vegna stöðu Smáþjóðaleika 2017 þá hefur ekkert nýtt komið fram um hvort dómara frá Íslandi séu að fara til San Marínó eða ekki. Tæplega er því búist við því að íslenskir dómara séu að fara þangað. Ljóst er að engir íslenskir dómara verði á HM50 í Búdapest á þessu ári.
4. Yfirdómara námskeið verður sett keyrt á sundárinu 2017-2018. Byrja á því í september og ljúka því á ÍM50 vorið 2018.
5. Dómara námskeið fram á vor. Ármannsmótið verður síðustu helgina í apríl. Ákveðið er að halda námskeið á miðvikudegi 26. apríl. Viktoría mun sjá um þetta námskeið og með henni verður einn annar dómari úr dómara nefnd. Lagt til að haldið verði dómara námskeið fyrir AMÍ sem haldið verður í Reykjavík í lok júní á þessu ári.
6. Önnur mál: Dómara listi lagður fram og það virðist sem að dómurum sé að fækka. Trúlega eru um það bil 50 virkir dómara í dag. Reglugerðin um viðhald dómara réttinda þarf að vera virk. Það er þó hæpið að hægt sé að meina fólki að dæma þó það hafi ekki dæmt í mörg ár því skortur er á dómurum. Sótt hefur verið um leyfi til að halda mót með fjórum dómurum og engum yfirdómara í 16og2/3m laug og fjórum brautum. Ákveðið var að leyfa þetta til að hægt væri að halda mótið.

Virðingarfyllst,
Ingibjörg Ýr Pálmadóttir